

Frumvarp til breytinga á Mannvirkjalögum 160/2010

1.gr. a-liður.

Breyting: Sérupprættir teknir út og haldið eftir aðaluppráttum.

Tilgangur: Aukinn sveigjanleiki og komið í veg fyrir óþarfar tafir í upphafi framkvæmda. Gert ráð fyrir að breytingin sé til þess fallin að lækka byggingarkostnað í einhverjum tilvikum.

Umsögn: Tekið er skýrt fram að ekki megi byrja á þeim verkþætti sem að sérupprættir ná yfir. Við skil á séruppráttum fyrir útgáfu byggingarleyfis er verið að tryggja að skil til leyfisveitenda á öllum gögnum, sér í lagi þegar búið er að gera lagabreytingu sem að heimilar byggingarstjóra að sjá um áfangaúttektir og leyfisveitandi kemur minna að málinu. Tafir á útgáfu byggingarleyfis vegna séruppráttá má rekja til þess að hönnuðir eru seinir að skila inn viðeigandi gögnum. Ekki er hægt að sjá að frestun á skilum auki framkvæmdahraða, frekar ýti undir þá freistingu að húsbyggendur haldi áfram með verkið án samþykktra gagna.

Varðandi lækkunar á byggingarkostnaði, þá á það eingöngu við um flóknar byggingar sem að vinnast í svokallaðir „lifandi hönnun“, hönnun sem getur breyst. Þetta eru mjög fáar byggingar á landsvísu og einskorast því sparnaðurinn við stærri verkkaupa/fyrirtæki í byggingariðnaðnum en ekki einstaklinga/íbúa landsins.

Eðlilegra væri að lagagreinin styddi byggingarreglugerð 112/2012 gr. 2.4.5. þar sem heimilt sé að gera undanþágu á skilum á séruppráttum á flóknum byggingum sem væru sífellt í þróunarvinnu meðfram hönnunarvinnunni.

4.gr. a-liður

Breyting: Sérupprættir teknir út og haldið eftir aðaluppráttum.

Tilgangur: Breyting í samræmi við 1.gr. frumvarps.

Umsögn: Sama og í 1.gr. a-lið í frumvarpi.

4.gr. d-liður

Breyting: 2.mgr. bætt við. Sérupprættir berast leyfisveitanda, undirritaðir áður en verkþáttur hefst.

Tilgangur: Verið að skerpa á því að sérupprættir þurfa að berast.

Umsögn: Sama og í 1.gr. 1-lið í frumvarpi.

Breyting: 3.mgr. bætt við. Ábyrgðaryfirlýsingar iðnmeistara þurfa að berast áður en verkþáttur hefst, ekki fyrir útgáfu byggingaleyfis.

Tilgangur: Ekki tekið fram hver tilgangur er.

Umsögn: Iðnmeistarar þurfa að vera með gæðakerfi, samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Byggingarfulltrúar á landsvísu hafa verið mjög áræðnir í að heimila ekki skráningu á iðnmeistara sem er ekki með skráð gæðakerfi og þar af leiðandi eru flestir iðnmeistarar komnir á skrá hjá Mannvirkjastofnun, en ekki allir. Þessi breyting getur leitt til flækjustigs vegna iðnmeistara sem eru ekki með gæðakerfi og valdið töfum á verkþáttum, í stað þess að þetta sé skýrt í byrjun verks.

17.gr.

Breyting: Frestur til 1.janúar 2019 til að afa sér faggildingar til að yfirfara sérupprætti og framkvæma öryggis- og lokaúttektir.

Tilgangur: Fresta faggildingu á úttektum, að frádregnum áfangaúttektum.

Umsögn: Búið er að taka út að faggildir skoðunarmenn skyldu sjá um áfangaúttektir þar sem byggingarstjórar eiga að sjá um áfangaúttektir. Á hinn bóginn er það enn í lögum og faggildir skoðunarmenn sjái um öryggis- og lokaúttektir og er ekki er skilningur á því af hverju

faggildingarkrafan eigi að gilda um þær úttektir. Áfangaúttektir eru ekki síður mikilvægar en öryggis- eða lokaúttektir. Í áfangaúttektum er hægt að forðast dýrmæt mistök eða vanrækslu í sjálfu byggingarferlinu og það þarf ekki faggildan aðila til að meta það. Hinsvegar er því haldið til streitu að faggildur skoðunarmaður þurfi að gera öryggis- eða lokaúttekt sem er sjónskoðun og búið að loka öllum byggingarhlutum og því ómögulegt að sjá að mistök hafa orðið nema þá ef mannvirkið er of stórt, herbergjaskipan ekki rétt eða reykskynjarar ekki á réttum stað. Það er okkar mat að skoðunaraðili/leyfisveitandi þurfi ekki að vera faggildur til að fara í öryggis- eða lokaúttekt.